



Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

## Auglýsing um álagningu vanrækslugjalds á árinu 2019

Álagning vanrækslugjalds á eigendur (umráðamenn) þeirra ökutækja sem skráð eru í ökutækjaskrá héraendis og ekki hafa verið færð til **aðalskoðunar** frá og með 1. október 2018 hefst 3. janúar 2019.

Álagning gjaldsins byggir á 37. og 38. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja með síðari breytingum, sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum. Miðast álagning gjaldsins, með þeim undantekningum sem greinir hér að neðan, við endastaf á skráningarkerki ökutækis og leggst það á sem hér segir:

- **3. janúar** vegna ökutækja með **0** sem endastaf og færa átti til skoðunar í október 2018.
- **2. apríl** vegna ökutækja með **1** sem endastaf.
- **1. maí** vegna ökutækja með **2** sem endastaf.
- **1. júní** vegna ökutækja með **3** í endastaf.
- **2. júlí** vegna ökutækja með **4** í endastaf.
- **1. ágúst** vegna ökutækja með **5** í endastaf.
- **1. september** vegna ökutækja með **6** í endastaf.
- **1. október** vegna ökutækja með **7** í endastaf.
- **1. nóvember** vegna ökutækja með **8** í endastaf.
- **3. desember** vegna ökutækja með **9** í endastaf.
- **1. ágúst** vegna ökutækja með einkamerki sem ekki enda á tölustaf.
- **1. október** vegna fornbifreiða, húsbifreiða, bifhjóla, þar með talin fornbifhjól og létt bifhjól, hjólhýsa (felli-hýsa) og tjaldvagna, sbr. 7. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja.

Vanrækslugjald leggst á vegna þeirra ökutækja sem ekki hafa verið færð til endurskoðunar, sbr. 13. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja, þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun skoðunarmanns. Leggst gjaldið á samkvæmt þessu þá daga sem að ofan greinir, en mánuðina febrúar og mars leggst það á sem hér segir:

- **1. febrúar** vegna ökutækja sem færð voru til skoðunar í nóvember 2018.
- **1. mars** vegna ökutækja sem færð voru til skoðunar í desember 2018.

Tveimur mánuðum eftir álagningu vanrækslugjalds hefst innheimta þess hafi ökutækið ekki verið fært til skoðunar eða það skráð úr umferð og gjaldið greitt innan þess tíma.

Ísafirði, 11. desember 2018.  
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.